



## MINNISBLAÐ

**Viðtakandi:** Borgarráð, Ráðhúsi Reykjavíkur  
**Sendandi:** Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Málsnr.: R17030294  
Skjalasafn Ráðhúss  
10. ágú. 2017  
Bréfalykill: 230

### *Svar við fyrirspurn borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um kostnað fyrir frístund á skertum skóladögum fyrir fötluð ungmenni - R17030294*

Svar við eftirfarandi fyrirspurn borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins í borgarráði 30. mars 2017 um kostnað fyrir frístund á skertum skóladögum fyrir fötluð ungmenni:

Samkvæmt borgarráðssamþykkt frá mars 2010 er fjallað um að skóladagatal grunnskóla sé grundvöllur að samstarfi skóla og frístundar um þjónustu við börn. Á skóladagatalinu eiga að koma fram allir frídagar og óhefðbundnir skóladagar. Frídagar eru jólafrí, páskafrí, samstarfsdagar kennara og samstarfsdagar skóla. Foreldrum stendur þjónusta til boða fyrir þau börn/ungmenni sem eru skráð á þessa frídaga og greiða fyrir það ákveðið gjald á dag fyrir utan hefðbundinn opnunartíma. Hvernig er því háttáð þegar fötluð börn eiga í hlut þegar um óhefðbundna skerta skóladaga er að ræða? Stöðum sem sjá um að veita lengda viðveru ber ekki að brúa kostnaðarbilið sem myndast ef skóladagar eru skertir. Hvernig er þessu málum háttáð? Hafa skólarnir í Reykjavík mætt kostnaði sem myndast hjá stöðum sem taka við börnum eftir skóla? Hefur skólum verið boðin sú þjónusta en hafnað því vegna þess að ekki er gert ráð fyrir því fé á fjárhagsáætlun?

Svar:

Vegna fyrirspurnarinnar voru deildarstjórar sem hafa umsjón með sértæku félagsmiðstöðvunum Höllinni, Hellinum og Hofinu beðnir um að eftirfarandi spurningum. Svörin eru tekin saman aftan við hverja spurningu:

1. Hafa sértækar félagsmiðstöðvar þurft að taka á sig kostnað vegna þjónustu við fötluð börn/unglinga vegna skertra skóladaga í grunnskólum (þ.e. þurft að taka á móti þeim fyrr án þess að fjármagn fylgi frá skólunum)? Ef svo er, hversu oft á þessu skólaári og fyrir hversu mörg börn/unglinga?

Svar:

Nei. Þær hafa samt leyst einstaka mál með því að nýta krafta forstöðumanns og aðstoðarforstöðumanns sem eru í fullu starfi, enda kallar slíkt ekki á auka kostnað.

2. Hafa skólarnir greitt fyrir þjónustu utan hefðbundins opnunartíma vegna skertra skóladaga? Ef svo er, hversu oft á þessu skólaári og fyrir hversu mörg börn/unglinga?

Svar:

Nei.

3. Vitið þið til þess að skólarnir hafi þurft að hafna þjónustu sértækra félagsmiðstöðva vegna þess að þeir hefðu þurft að greiða sérstaklega fyrir það? Ef svo er, hversu oft á þessu skólaári og fyrir hversu mörg börn/unglinga?

Svar:

Grunnskólarnir hafa í einhverjum tilfellum óskað eftir þessu. Sérstaklega á jólaballsdögum og öskudegi. Sértæku félagsmiðstöðvarnar hafa þá í einhverjum tilfellum getað tekið á mótum börnunum kl. 13 (í stað 13:40), en skólarnir hafa ekki þegið boð um að senda börnin þangað fyrir gegn gjaldi. Í lang flestum tilfellum ná skólarnir að leysa málin innan sinna veggja og senda svo börnin í sértæku félagsmiðstöðvarnar á hefðbundnum tíma. Við fengum upplýsingar um að 9 skólar sem Höllin þjónar hafi óskað eftir því að Höllin tæki fyrir við börnunum á þessum dögum fyrir 20 þátttakendur (en þáðu það ekki vegna kostnaðar). Hinar félagsmiðstöðvarnar sögðu skólana ekki hafa óskað eftir þessu vegna kostnaðar.

4. Annað sem þið mynduð vilja koma á framfæri vegna þessa?

Svar:

Skólarnir vita að það fylgir því kostnaður ef félagsmiðstöðin á að taka fyrir á mótum börnunum og þeir eru því lítið í því að óska eftir því. En jólaballsdagarnir og öskudagar eru greinilega erfiðir. Í þessum tilfellum hafa sértæku félagsmiðstöðvarnar oftast getað tekið á mótum börnunum kl. 13 án þess að því fylgi auka kostnaður þar sem það eru alltaf einhverjir með vinnuskyldu frá kl. 13:00. Síðan eru alltaf einhver börn í frí þessa daga og það skapar líka svigrúm. Einnig hefur það komið fyrir að foreldrar hafi þurft að brúa bilið milli þess að skóla lýkur á skertum dögum þar til hægt er að taka á mótum börnunum í sértækum félagsmiðstöðvum. En eins og áður sagði hafa skólarnir náð að leysa málin í lang flestum tilfellum.